

## Erindisbréf

### Starfshópur um endurskoðun heilsdagsskóla, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda

Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykktum fræðsluráðs frá 8. september 2014 og fjölskylduráðs 10. september 2014:

*„Lagt er til að stofnaður verði starfshópur fjölskyldu- og fræðsluráðs sem fái það verkefni að endurmeta fyrirkomulag heilsdagsskóla og endurskoða stuðning bæjarins við íþróttá- og tómstundastarf.*

*Markmiðið verði að efla þjónustuna með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og leita leiða til að samþætta skóla og frístundastarf.*

*Starfshópurinn fái jafnframt það hlutverk að móta tillögur sem miða að því að tryggja jafnan aðgang barna að íþróttá- og tómstundastarfi t.d. með auknum sveigjanleikja í nýtingu niðurgreiðslna þáttökugjalda og/eða útgáfu frístundakorts í stað núverandi fyrirkomulags á niðurgreiðslum vegna íþróttá- og tómstundaiðkunar barna.*

*Starfshópurinn muni einnig endurskoða greiðslufyrirkomulag og greiðsluþátttöku vegna gjalda hjá dagforeldrum, í leikskólum, Tónlistarskóla, frístundaheimilum og máltíða í grunnskólum.*

*Niðurstöður úr þjónustukönnunum og ábendingar notenda þjónustunnar verði hafðar til hliðsjónar í stefnumótun og aðgerðum.*

*Lagt er til að með hópnum starfi rekstrarstjórar og sviðsstjórar viðkomandi fjölskyldu- og fræðslusviðs.“*

**Hlutverk: sjá hér að ofan.**

#### **Skipan hópsins:**

Í starfshópnum sitja 5 aðalmenn.

Skipar fjölskylduráð 2 fulltrúa og fræðsluráð 3 fulltrúa.

#### **Skipulag:**

Starfshópurinn tekur til starfa 24. september eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af fjölskylduráði og fræðsluráði og starfar hópurinn í umboði beggja ráðanna. Hópurinn skal funda að jafnaði vikulega og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 10 sinnum Með starfshópnum starfa rekstrar- og sviðsstjórar viðkomandi sviða og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar eftir þörfum. Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir fjölskylduráð og fræðsluráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis fjölskylduráðs og fræðsluráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum. Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til fjölskylduráðs og fræðsluráðs 15. desember 2014.

